*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 130/802*
*komudagur 2/1 2004*

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK VIÐSKIPTALÍFSINS

**Nefndasvið Alþingis**
**Menntamálanefnd**
**b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara**
**Austurstræti 8 - 10**
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 19. janúar 2004

**Efni: Frv. til l. um styrktarsjóð námsmanna (133. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp er gerir ráð fyrir að komið verði á fót sérstökum styrktarsjóði námsmanna. Verslunarráð hefur áður veitt umsögn um sama frumvarp. Verslunarráð hefur lengi látið sig menntamál varða og stuðlað að áreiðanlegri uppbyggingu menntunnar í landinu. Hefur ráðið um árabil veitt styrki til framhaldsnáms erlendis. Fleiri einkaaðilar hafa umbunað duglegum námsmönnum með fjárframlögum. Verslunarráð hefur ávallt lagt til að skattar á Íslandi verði lækkaðir í stað þess að veita skattalegt hagræði af einstökum framlögum. Verði skattar almennt lækkaðir skapast aukin tækifæri fyrir einstaklinga og fyrirtæki að styrkja námsmenn með beinum hætti. Margir framhaldsskólar, t.d. Verslunarskólinn, bjóða nú þegar efnalitlum námsmönnum upp á fjárhagsaðstoð ef það þykir þurfa. Verslunarráð telur að fyrirkomulag fyrirhugaðs styrktarsjóðs námsmanna sé ekki vel til fundið og er því ekki fylgjandi því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigbrúður Ármann

*Póstáritun:*
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is